

Ráðningarsamningur bæjarstjóra Mosfellsbæjar 2022-2026

Mosfellsbær, kt. 470269-5969, og Regína Ásvaldsdóttir, kt. 300660-3989, („bæjarstjóri“) gera eftirfarandi ráðningarsamning um starf bæjarstjóra Mosfellsbæjar kjörtímabilið 2022 til 2026.

1. gr.

Ráðningarsamningur þessi öðlast gildi á fyrsta starfsdegi bæjarstjóra samkvæmt samkomulagi við formann bæjarráðs, en eigi síðar en 1. september 2022, og gildir til loka kjörtímabilsins 2022-2026.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins og ber ábyrgð á að stjórnvísla sveitarfélagsins samrýmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna. Hlutverki og verksviði bæjarstjóra er nánar lýst í 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sbr. og 48. gr. samþykktu um stjórn Mosfellsbæjar.

2. gr.

Grunnlaun bæjarstjóra skulu vera kr. 1.725.433. Að auki skal greiða bæjarstjóra 18,31% af grunnlaunum nú kr. 315.927 vegna yfirvinnu, álags og hvers annars vinnuframlags sem fellur til utan dagvinnutíma. Þá er seta á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs og öðrum fundum fastanefnda Mosfellsbæjar innifalinn í framangreindum launum. Fjárhæð launa skal taka breytingum samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands þann 1. júlí ár hvert. Miða skal við grunnvísitölu júlímánaðar 2022.

Auk launa skv. 1. mgr. er bæjarstjóra greitt fyrir útlagðan kostnað vegna notkunar eigin bifreiðar í þágu starfsins sem nemur 1.250 km á mánuði. Akstursgjald miðast við kílómetragjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd ríkisins og er nú kr. 134 á ekinn km samkvæmt auglýsingu fjármála- og efnahagsráðuneytis nr. 2/2022 og nemur því nú kr. 167.500 á mánuði.

Bæjarstjóri greiðir til lífeyrissjóðs lögbundið framlag gegn lögbundnu framlagi Mosfellsbæjar. Ákveði bæjarstjóri að nýta sér heimildir til að leggja til viðbótarframlag í séreignasjóð greiðir Mosfellsbær móttframlag í samræmi við reglur/lög um viðbótarlífeyrissparnað á hverjum tíma.

Mosfellsbær leggur bæjarstjóra til fartölvu og farsíma. Þá greiðir Mosfellsbær kostnað af farsímanotkun bæjarstjóra.

3. gr.

Bæjarsjóður greiðir iðgjöld af slysa- og líftryggingu bæjarstjóra samkvæmt gildandi samningi Mosfellsbæjar við váttryggingafélag þar um.

4. gr.

Laun skv. 2. gr. eru greidd 12 mánuði ársins og er orlof þannig innifalið í launagreiðslum. Réttur bæjarstjóra til orlofs skal vera 30 dagar eða sem samsvarar 13,04% af mánaðarlaunum. Nýti bæjarstjóri ekki áunninn orlofsrétt sinn innan hvers orlofsárs þá fellur hann niður þann 30. apríl ár hvert. Heimild er þó til sérstakrar undanþágu frá þessu ef verkefnastaða bæjarstjóra kemur í veg fyrir að hann geti nýtt orlofsrétt sinn að

fullu. Við slíkar aðstæður er bærstjóra heimilt að taka með sér að hámarki 10 orlofsdaga yfir á næsta orlofsár.

Um veikindarétt bærstjóra fer samkvæmt ákvæði 12. kafla kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Fræðagarðs.

5. gr.

Segi bærstjóri upp starfi sínu innan ráðningartíma (fyrir lok kjörtímabils) skal uppsagnarfrestur vera þrjú mánuðir og hefur bærstjóri vinnuskyldu á uppsagnarfresti ef Mosfellsbær óskar þess.

Komi til uppsagnar á ráðningarsamningi þessum af hálfu Mosfellsbæjar innan ráðningartíma (fyrir lok kjörtímabils) skal uppsagnarfrestur vera sex mánuðir og hefur bærstjóri vinnuskyldu á uppsagnarfresti ef Mosfellsbær óskar þess. Ráði bærstjóri sig í annað starf á því tímabili munu launagreiðslur frá Mosfellsbæ samkvæmt ráðningarsamningi þessum falla niður frá og með fyrsta starfsdegi hjá nýjum vinnuveitanda séu launin jafnhá eða hærri. Séu þau lægri greiðir Mosfellsbær mismuninn.

6. grein

Laun samkvæmt 2. gr. hér að framan skulu greidd í þrjú mánuði eftir að ráðningartíma (kjörtímabili) lýkur.

Mosfellsbæ, 7. desember 2022



Anna Sigríður Guðnadóttir,
forseti bærstjórnar



Regína Ásvaldsdóttir,
bærstjóri